

SJÁVARVEGJÓF OG LANDBÚNAÐARRÁÐ	
SKJ.C.	10.7.2
Ísk	
10. JAN. 2011	
Áttm	06
SÉR	2009070

Selfossi, 6. janúar 2011
1009283 BSu

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráð
Hinrik Greipsson
Skúlagötu 4
150 Reykjavík

Á fundi bæjarráðs Árborgar var tekin fyrir tillaga um breytingar um úthlutun byggðakvóta 2010/2011

Eftirfarandi var bókað:

Bæjarráð samþykkir eftirfarandi tillögu um breytingu á reglum um úthlutun byggðakvóta Eyrarbakka og Stokkseyrar:


Ákvæði reglugerðar nr. 999 frá 17. desember 2010 gilda um úthlutun byggðakvóta Eyrarbakka og Stokkseyrar með eftirfarandi viðauka/breytingum:

4. gr. reglug. breytist þannig: Úthlutun aflamarks samkvæmt reglugerð þessari skal að öðru leyti fara fram til einstakra fiskiskipa sem uppfylla skilyrði 1. gr., sbr. og reglum um sérstök skilyrði fyrir úthlutun byggðakvóta í einstökum sveitarfélögum sem ráðuneytið staðfestir samkvæmt 2.-3. gr., eftir því sem við á, og skal úthlutað hlutfallslega af því aflamarki sem fallið hefur til viðkomandi byggðarlags, miðað við landaðan afla í þorskígildum talið á tímabilinu 1. september 2009 til 31. ágúst 2010.
- Upphaf 1. mgr. 6.gr. reglugerðarinnar verður: Fiskiskipum er skylt að landa afla sem nemur, í þorskígildum talið, tvöföldu magni þess aflamarks sem þau fá úthlutað samkvæmt reglugerð þessari og skal úthlutun til þeirra ekki fara fram nema að því leyti sem það skilyrði er uppfyllt skv. vigtunar- og ráðstöfunarskýrslum sem borist hafa Fiskistofu. Einnig er það skilyrði fyrir úthlutun að ekki hafi verið flutt meira aflamark í þorskígildum talið á fiskveiðiarinu 2010/2011 frá viðkomandi fiskiskipum en flutt hefur verið til þeirra þegar afhending aflamarks á sér stað.

Brott fellur setningin: Afla sem boðinn er upp á fiskmarkaði telst ekki hafa verið landað til vinnslu samkvæmt þessari grein.

Framangreint tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst,


Bryndís Sumarliðadóttir, ritari